

✉ Re: umsögn vegna drónaflugs við Mývatn

| | |
|-----------|--|
| Búið til | 11.7.2023 09:55:01 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 11.7.2023 09:54:59 |
| Tilheyrir | 📁 202307-0013 - Umsögn vegna drónaflugs við Mývatn |

Efni

Re: umsögn vegna drónaflugs við Mývatn

Upplýsingar

Vinnsla

| | | | |
|--------------|-----------------------|----------|----------|
| Sent | 11.7.2023 09:54:59 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42.0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

Þátttakendur

| | |
|-----|--|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | gudbjorg@umhverfisstofnun.is |
| Bcc | Anna.Sveinsdottir@ni.is |

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202307-0013 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Umhverfisstofnun dags. 10. júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Görgéni Tamás um leyfi til drónaflugs innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár 29. júlí.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er óskynsamlegt að veita leyfi fyrir drónaflug innan verndarsvæðisins á tíma þar sem fuglalíf er viðkvæmt, sumir ungar enn litlir og geldfuglar byrjaðir í felli og því ófleygir. Um drónaflug á svæðinu gilda ekki skýrar reglur og er mikilvægt að bætt verði úr því t.d. í stjórnunar- og verndaráætlun verndarsvæðisins. Skoða mætti reglur á friðlýstum svæðum erlendis varðandi drónaflug í því sambandi.

Vel er þekkt að drónaflug trufla fugla og á svæði þar sem þéttleiki fugla í varpi er mjög mikill eins og innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár felst í því umtalsverð áhætta að leyfa drónaflug á svæðinu. Þótt einstökum aðilum sé treystandi til að fara varlega er betra að hafa skýrar almennar reglur til að hafa stjórn á drónaflugi á svæðinu og þannig koma í veg fyrir óhöpp og óæskilega truflun. Náttúrufræðistofnun leggur því til að viðkomandi aðila verði bent á að besta leiðin til þess að trufla ekki fuglalíf sé að fara ekki í drónaflug fyrr en í september þegar viðkvæmast tími ársins fyrir vatnafugla er að baki.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Guðbjörg Gunnarsdóttir" <gudbjorg@umhverfisstofnun.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: umsögn vegna drónaflugs við Mývatn

Date: 10.7.2023 11:39:55

Góðan dag.

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn frá Görgéni Tamás dags. 12.06.2023 um leyfi til myndatöku með dróna þann 29. júlí nk. innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár.

Í samræmi við 17 gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskar Umhverfisstofnun hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn þessa. Gögn málsins er að finna í viðhengi.

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 19. júlí 2023.

Bestu kveðjur, Best regards

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið náttúruverndar, Department of Nature Protection Areas



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

www.ust.is ([https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ust.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C854eb92eb1454a6bb70008db813a5f6c%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638245859954966825%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=kti9yWxEPNFgSqtWMF3cGD68tUgZzbfA41wQ8pXXhw%3D&reserved=0](https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ust.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C854eb92eb1454a6bb70008db813a5f6c%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638245859954966825%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=%2FIW3oijWp7wjyAd4%2BKvb1FUPBtx%2FisNVlDdP3WYM%3D&reserved=0))

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: www.ust.is/disclaimer (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ust.is%2Fdisclaimer&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C854eb92eb1454a6bb70008db813a5f6c%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638245859954966825%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=kti9yWxEPNFgSqtWMF3cGD68tUgZzbfA41wQ8pXXhw%3D&reserved=0>)